



Borgarráð

Gufunessvæðið - lóðarvilyrði til Exton ehf.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Exton ehf. kt. 470499-2069, Vesturvör 30c, 200 Kópavogi, vilyrði fyrir lóð á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar fyrir byggingu allt að 2500 fermetra að grunnfleti með fyrirvara um samþykki í deiliskipulagi fyrir svæðið fyrir lóðarafmörkun og byggingarrétti.

Greinargerð: Reykjavíkurborg hefur með stefnumörkun og skipulagssamkeppni ákveðið að á nýjum lóðum á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar verði einkum starfsemi sem tengist kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti. Nú þegar hafa tvö fyrirtæki komið sér fyrir á svæðinu, Reykjavík Studios ehf. og Kukl ehf., sem bæði eru ákveðin kjölfesta fyrir áframhaldandi þróun svæðisins. Exton er fyrirtæki sem nú er staðsett í Kópavogi og tengist aðalstarfsemi þess ljósum, hljóð og myndbúnaði og eru helstu viðskiptamenn þess viðburðarhús, sjónarvarpsstöðvar og kvikmyndafyrirtæki. Starfsemi fyrirtækisins fellur því vel að þróun og uppbyggingu kvikmyndaþorps í Gufunesi. Unnið er nú að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Verð byggingarréttarins verður ákveðið með mati tveggja löggiltra fasteignasala þegar úthlutun lóðarinnar fer fram. Lóðarvilyrði þetta er tímabundið og gildir í tvö ár frá því að deiliskipulag hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Exton getur, eftir gildistöku deiliskipulagsins og í tvö ár þaðan í frá, óskað eftir úthlutun lóðarinnar. Nýti félagið sér ekki lóðarvilyrði þetta á umræddum tíma, fellur lóðarvilyrðið niður. Óheimilt er að framselja lóðarvilyrði þetta nema með samþykki borgarráðs.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Umsókn Exton ehf. dags. 8. september 2017.

8. september 2017

Reykjavíkurborg,
Óli Jón Hertervig,
Ráðhús Reykjavíkur

Exton ehf, kt. 470499-2069, óskar eftir úthlutun á lóðinni norðan við Kukl á Gufunesi til að byggja nýjar höfuðstöðvar.

Exton ehf er 25 ára gamalt fyrirtæki sem er með tvö tekjusvið, sölu- og lausnadeild og leigudeild. Sölu og lausnadeild sérhæfir sig í að finna lausnir, hanna og setja upp búnað sem tengist ljósum, hljóði og myndbúnaði. Meðal þekktustu verkefna sem sölu- og lausnadeildin hefur séð um er hönnun og uppsetning á tæknilausnum sýningasala og fundaherbergja í Hörpu, Hofi, Musikkens Hus Álaborg og Grieg Hallen Bergen. Helstu viðskiptavinir eru viðburðarhús, sjónvarpsstöðvar, kvikmyndafyrirtæki, kvikmyndahús, hótél, opinber fyrirtæki og stofnanir. Leigudeildin sér um að leigja búnað sem tengist kvikmyndaverkefnum og ýmiskonar viðburðum, litlum og stórum m.a. flestir stórtónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi á undanförunum árum t.d. Timberlake, Bieber og Ramsteinn þar sem Exton ehf hefur séð um að leigja og setja upp allan búnað. Höfuðstöðvar Exton ehf eru í Vesturvör 30C, Kópavogi en er með útibú á Akureyri og í Danmörku. Í dag eru starfsmenn 31 og auk þess eru að meðaltali starfandi 30-40 verktakar hjá Exton ehf vegna undirbúnings og uppsetningu á búnaði.

Á síðustu árum hefur fyrirtækið verið í örum vexti sem hefur leitt til þess að starfsemin hefur sprengt utan af sér húsnæðið sem var keypt á árinu 2014 og sjáum við fram á áframhaldandi vöxt á næstu árum vegna innri og ytri vaxtar m.a. yfirtók Exton ehf Skemmtilegt ehf og Nýja Umboðið ehf á þessu ári. Til að Exton ehf geti vaxið og þjónað viðskiptavinum sínum í framtíðinni þarf fyrirtækið framtíðaraðstöðu sem þarf að rúma:

- Byggingu sem er um 2500 m² að grunnfleti með millilofti að hluta og lofthæð allt að 9-10 metrar.
- Bílastæði fyrir ca 50 starfsmenn og verktaka auk 10 stæða fyrir gesti.
- Móttaka fyrir 4 stk 40 feta gáma, með dráttarbil lengd 18mtr.



- Móttaka fyrir stóran sendibíl, lengd 12mtr.
- Móttaka fyrir 2 litla sendibíla, lengd 6mtr.
- Almenn móttaka fyrir fólksbíla.

Auk þessa þarf að vera svigrúm á lóðinni fyrir:

- Móttaka og geymsla á 7stk 40-feta gámum.
- Geymsla á allt að 10 söluskálum, sem eru um 5 x 5 metrar hver.
- Geymsla á 2 sviðsvögnum, sem eru hvor um sig 12metrar á lengd.
- Svæði til að geta tjaldað tjaldi til að prufa og gera við, um það bil 15 x 90metrar.

Byggingin er einskonar vörulager með samsetningar- og sundurtekningaaðstöðu auk tæknirýma, skrifstofurýma og verslunnar. Aðgengi (vörumóttökustútar) þarf að vera fyrir 4 gámabíla í einu auk tveggja minni. Lofthæð þarf að vera að sama skapi 9-10 metrar vegna stærðar þess búnaðar sem þar er meðhöndlaður.

Aðgengi þarf að vera mjög gott og helst úr tveimur áttum þannig að ekki þurfi að snúa með stóra gáma á lóðinni sjálfri.


Athafnasvæði innan lóðar þarf að rúma alla þessa þætti á sem auðveldastan hátt, umferðar- og öryggislega séð auk þess að gera ráð fyrir framtíðarþróun og stækkun fyrirtækisins.

Metnaður umsækjanda lýtur að því að planta trjágóðri á lóðinni til að skýla gámum og öðrum búnaði fyrir sýn utanfrá og þannig fegra lóðina og viðhalda sem grænni vin.

Lóðarþörf er því áætluð 9000m².

Með von um jákvæð og góð viðbrögð.

Virðingarfyllst,



f.h. Exton ehf

Rikharð Sigurðsson

